

Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl 2011.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011 í Dalabyggð fer fram í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal (bókasafn) laugardaginn 9. apríl.

Kjörfundur hefst klukkan 10:00 og stendur til 22:00. Kjósendur þurfa að hafa með sér skilríki.

Á kjörskrá eru allir þeir sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu þremur vikum fyrir kjördag, þ.e. laugardaginn 19. mars 2011 og fæddir eru 9. apríl 1993 og fyrr. Ennfremur þeir íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga í erlendis en eiga kosningarétt samkvæmt 2. mgr. 1.gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar á opnunartíma frá 30. mars 2011 fram á kjördag.

Hægt er að kynna sér málin á kosningavef innanríkisráðuneytisins www.kosning.is og vefsíðunni www.thjodaratkvaedi.is sem er á vegum Lagastofnunnar Háskóla Íslands.

Kjörstjórn Dalabyggðar,

Ólafur Jóhannsson
Bergþóra Jónsdóttir
Sveinn Gestsson



Dalapósturinn

3. tölublað 2011

Þjóðaratkvæðagreiðsla

Héraðsbókasafni Dalasýslu

9. apríl 2011, kl. 10-22

Fundur um atvinnumál

Leifsbúð, Búðardal

Fimmtudaginn 14. apríl, kl. 18

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Fundur um atvinnumál

Byggðarráð Dalabyggðar boðar til fundar um atvinnuvinnumál í Leifsbúð í Búðardal, fimmtudaginn 14. apríl kl. 18:00-20:30.

Fundarefni er vörupróun og smáframleiðsla á matvælum og ræktun til olúframleiðslu

Framsögumenn

Guðjón Þorkelsson - Matís

Þorgrímur Guðbjartsson – Erpsstaðir

Kristján Finnur Sæmundsson

Boðið verður upp á kaffi og fundarmenn geta keypt sér súpu á fundinum.

Fundurinn er annar í fundaröð um atvinnumál sem byggðarráð stendur fyrir á árinu. Afmarkað umræðuefni verður tekið fyrir hverju sinni. Gert er ráð fyrir næsta fundi í septembermánuði.

Vinnuskóli Dalabyggðar

Vinnuskóli Dalabyggðar verður rekinn í sumar með sama sniði og undanfarin ár.

Vinnan hefst mánudaginn 6. júní kl. 8:00.

Vinnuskólinn er fyrir unglunga fædda árin 1995 til 1998.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til **20. maí 2011**

Sveitarstjóri

Húsvörður – Tjarnarlundur

Starf húsvarðar í Tjarnarlundi er laust frá 1. maí n.k.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar.

Sveitarstjóri